



## 4. stjórnarfundur Ungmennafélags Íslands haldinn 13. desember 2019 í Þjónustumiðstöð UMFÍ.

**Mætt eru:** Haukur Valtýsson (HV), Ragnheiður Högnadóttir (RH), Sigurður Óskar Jónsson (SÓJ), Guðmundur Sigurbergsson (GS), Jóhann Steinar Ingimundarson (JSI), Gunnar Þór Gestsson (GP), Gunnar Gunnarsson (GG), Lárus B. Lárusson (LBL), Gissur Jónsson (GJ), Hallbera Eiríksdóttir (HE), Ástþór Jón Tryggvason (ÁJT) fulltrúi ungmennaráðs UMFÍ og Auður Inga Þorsteinsdóttir (AIP) framkvæmdastjóri UMFÍ.

**Forföll boðuðu:** Elísabet Ásdís Kristjánsdóttir (EÁK)

1. Fundur settur kl. 15:04
2. Skýrsla nefndar vegna stafrænna upplýsingakerfa ÍSÍ.
  - Stefán Jóhannesson kynnti vinnu nefndarinnar.
  - Stjórn fagnar faglegri vinnu og niðurstöðu nefndarinnar. Framkvæmdastjóra falið að kalla eftir viðræðum við forystu ÍSÍ um niðurstöðu skýrslunnar og framtíð þeirra verkefna sem Felix var ætlað að sinna.

GJ kom inn á fundinn kl. 15:50

3. Upplýsingagjöf frá framkvæmdastjóra.
  - AIP gerði grein fyrir starfseminni frá síðasta stjórnarfundum. Viðræður standa yfir við MAKWA um starfsemi á Laugarvatni sumarið 2020.
4. Fundargerðir nefnda og framkvæmdastjórnar
  - 3. og 4. fundargerð framkvæmdastjórnar lagðar fram.
  - 1. og 2. fundargerð fræðslunefndar lagðar fram.
  - 1. fundargerð ungmennaráðs lögð fram.
5. Nefndir. Erindisbréf, verkefni og skipun
  - Erindisbréf lögð fram og samþykkt. Skrifstofu falið að samræma útlit og uppsetningu og fullmanna nefndirnar.
6. Starfs- og verkefnaáætlun stjórnar, ársáætlun
  - Farið yfir starfs- og verkefnaáætlun stjórnar. Samþykkt.
7. Erindi frá framkvæmdastjórn. Val í heiðursráð. Hugmyndin að ráðið væri stjórn til ráðgjafar. Framkvæmdastjórn leggur til við stjórn að í heiðursráð verði valin Helga Guðrún Guðjónsdóttir (formaður), Helgi Gunnarsson og Örn Guðnason. – Samþykkt. Framkvæmdastjóra falið að útbúa erindisbréf fyrir nefndina.
8. Erindi frá fjárhags- og fasteignanefnd. Heimild til að láta framkvæma kostnaðarmat vegna deiliskipulags lóðar að Sigtúni 42. – Samþykkt, framkvæmdastjóra falið að fylgja málinu eftir.

9. Önnur mál.  
Minnisblað 3. frá fulltrúa UMFÍ í íþróttanefnd ríkisins. – lagt fram til kynningar.

**SÓJ ritaði fundargerð.**  
Fundu slitið kl. 17:42